

3. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sótt-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til að fyrirbyggja eldsvöða.

4. gr.

Húseignaskatturinn greiðist í skrifstofu bæjarins, og er gjalddagi 1. sept. ár hvert.

Húseignaskatturinn hvílir sem lögveð á eigninni, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, að fasteignaskatti til rikissjóðs undanskildum.

Brenni húseignin, hefir gjaldið forgangsrétt í brunabótum á sama hátt. Sé húseignaskatturinn ekki greiddur á gjalddaga, skal reikna af honum sömu dráttarvexti og útsvörum.

Dráttarvextir hafa lögtaksrétt á sama hátt og gjöldin sjálf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af bæjarstjórn Neskaupstaðar og flutt að til-mælum hennar. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Undanfarin ár hefir ávallt verið að koma betur og betur í ljós, hve mikil þörfin er hér í bænum, að hið opinbera taki í sínar hendur sorp- og salernahreinsun. Bærinn hefir umliðin ár annazt sóttun alla og verið lagður sérstakur skattur á húseignir vegna þess.

Til þess að standa straum af þeim kostnaði, er af því verður, að bærinn taki þessi mál í sínar hendur, er nauðsynlegt að fá sérstakan tekjustofn og að þeir greiði gjaldið, sem eignirnar eiga.

Ennfremur hefir bærinn s. l. ár keypt nýjar mótör-slökkvidælar og endurnýjað öll áhöld, er að brunamálum lúta hér í bænum, og komið á fót slökkviliði. Hefir þetta allt haft í för með sér allmikinn kostnað, og verður því rekstur brunamálanna meiri í framtíðinni en verið hefir.

Það er og orðið mjög aðkallandi, að í þær götur, sem þegar hafa verið lagðar samkvæmt skipulagsupprætti, verði lögð holræsi, og er svo til ætlazt, að það af gjaldi þessu, sem ekki fer í bein útgjöld til hinna áðurnefndu at-riða, verði látið ganga til holræsagerðar í bænum.

Bæjarstjórnin lítur svo á, að þá fyrst geli orðið ráðið fram úr þessu nauðsynjamáli, er bænum er tryggður fastur tekjustofn í þessu augnamiði, og væntir þess því fastlega, að Alþingi samþykki frumvarp það, er fyrir liggur.